

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Ársskýrsla 2025

EFNISYFIRLIT

Inngangur 2
Stjórnsýsluleg skipan 2
Heilbrigðisnefnd 3
Starf heilbrigðisnefndar Austurlands 4
Fjármál og rekstur 4
Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits 5
Starfsemi HAUST 6
  Samstarf við yfirstofnanir 6
  Útgefin starfsleyfi og samþykktar skráningar 8
  Eftirlit Ársins 8
  Sýnataka 9
  Tóbakssöluleyfi 9
  Kvartanir og ábendingar 10
Matvælaeftirlit 11
  Sýnataka matvæla 11
    Sýnataka matvæla - Neysluvatn 11
    Sýnataka matvæla – Ís úr vél 13
Hollustuháttaeftirlit 14
  Leiksvæði og leikvallatæki 14
  Sund- og baðstaðir 14
  Sóttvarnarundanþága skipa 15
Mengunarvarnareftirlit 16
  Númerslausir bílar 16
  Mengaður jarðvegur 16
Lokaorð 17

INNGANGUR

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2025. Ársskýrslan, sem er eingöngu gefin út rafrænt, er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is, ásamt fyrri ársskýrslum HAUST.

STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 9 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa fimm sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Ný heilbrigðisnefnd var kosin á aðalfundi byggðarsamlags um heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis þann 26. október 2022.

Formaður:	Stefán Þór Eysteinsson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþing
	Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Hornafjörður
	Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþing
	Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði
Fulltrúi atvinnurekenda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð

Varamenn:

	Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð
	Jóhann Hjalti Þorsteinsson, Múlaþing
	Þórhallur Borgarsson, Múlaþing
	Janine Arens, Hornafjörður
	Guðni Jónsson, Fljótsdalshreppi
Fulltrúi atvinnurekenda:	Auður Anna Ingólfsdóttir, Múlaþing
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Gunnhildur Imsland, Hornafjörður

STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR AUSTURLANDS

Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Austurlands og fundargerð aðalfundar byggðarsamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands má finna á heimasíðu HAUST, www.haust.is


FJÁRMÁL OG REKSTUR

Rekstur byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði hefur verið stöðugur undanfarin ár og án ófyrirséðra útgjalda. Rekstrarniðurstaða á árinu 2025 var jákvæð um um kr. 784.402. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2025 og fjárhagsáætlun fyrir sama ár.

Tafla 1. Rekstarniðurstaða 2025

	Niðurstaða ársreiknings 2025	Fjárhagsáætlun 2025
Tekjur	117.051.060 kr.	107.228.077 kr.
Gjöld	116.987.035 kr.	107.215.322 kr.
Niðurstaða	784.402 kr.	12.755 kr.

Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Austurlands eru aðgengilegir á heimasíðu HAUST, www.haust.is



STARFSMENN HEILBRIGÐISEFTIRLITS

Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar og er ætlað að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælalaga nr. 93/1995. Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Matvælalög taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum og er tilgangur laganna að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla eftir því sem kostur er og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.


Alls störfuðu sex starfsmenn hjá HAUST í 5,2 stöðugildum á árinu 2025. Starfsmenn HAUST eru með aðsetur á þremur stöðum í umdæminu, á Egilsstöðum, Djúpavogi og á Höfn.

Tafla 2. Starfmenn HAUST á árinu 2025

Starfsmaður	**Stöðugildi**	**Aðsetur**
Borgþór Freysteinsson mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.	Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Elínborg Sædís Pálsdóttir M.Sc í líffræði og heilbrigðisfulltrúi	90% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Kjartan Róbertsson B.Sc í byggingafræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Lára Guðmundsdóttir M.Sc. í auðlindafræði, B.Sc í umhverfisfræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, framkvæmdastjóri	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Maja Karlović M.Sc. í næringarfræði og B.Sc. í matvælafræði	100% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Ólöf Vilbergsdóttir M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun, B.Sc. í umhverfisfræðum og heilbrigðisfulltrúi	90% stöðugildi	Bakki 1, 765 Djúpivogur

STARFSEMI HAUST

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í þrjú meginsvið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið.



SAMSTARF VIÐ YFIRSTOFNANIR

Samstarfshópar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og yfirstofnana á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna hafa um árabil verið mikilvægur vettvangur fyrir faglegt samráð og samræmingu eftirlits. Á sviði hollustuhátta og mengunarvarna hefur samstarfið verið á vettvangi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfis- og orkustofnunar og á sviði matvæla á vettvangi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar. Hlutverk hópanna hefur meðal annars verið að fjalla um álitaefni sem koma upp við framkvæmd eftirlits, stuðla að samræmdri túlkun laga og reglugerða og vinna að sameiginlegu verklagi, leiðbeiningum og eftirlitsverkefnum. Með þessu hefur starf hópanna stuðlað að samræmdri framkvæmd eftirlits og jafnræði gagnvart rekstraraðilum um land allt.

Formlegt starf samstarfshópa á sviði hollustuhátta og mengunarvarna á vegum Umhverfis- og orkustofnunar lá niðri á árinu. Heilbrigðiseftirlitssvæðin héldu engu að síður áfram öflugu faglegu samstarfi sín á milli og luku meðal annars samræmingu starfsleyfisskilyrða í kjölfar breytinga á reglugerð um hollustuhætti. Verkefnið var unnið að frumkvæði heilbrigðiseftirlitssvæðanna og fól í sér umfangsmikla yfirferð og


samræmingu starfsleyfisskilyrða með það að markmiði að tryggja samræmda stjórnsýslu og sambærilega afgreiðslu mála um land allt.

Samstarf á sviði matvælaeftirlits hélt hins vegar áfram á vettvangi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Þar hefur reglulegt samráð gegnt mikilvægu hlutverki við samræmingu matvælaeftirlits, upplýsingamiðlun milli eftirlitsaðila og úrlausn sameiginlegra álitaefna. Slíkur vettvangur er sérstaklega mikilvægur í dreifðu eftirlitskerfi þar sem margir eftirlitsaðilar bera ábyrgð á framkvæmd sömu löggjöf.

Á síðasta starfsári heilbrigðiseftirlitanna í núverandi mynd er sérstök ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þessa samstarfs. Reynslan sýnir að reglulegt samráð þeirra sem sinna eftirlitinu frá degi til dags leiðir til skilvirkari stjórnsýslu, samræmdari framkvæmdar og betri þjónustu við rekstraraðila og almenning. Sú vinna sem heilbrigðiseftirlitssvæðin héldu áfram að vinna sín á milli þrátt fyrir að formlegur samstarfsvettvangur lægi að hluta niðri undirstrikar jafnframt hversu mikilvæg þörfin fyrir faglegt samráð og samræmingu er.

ÚTGEFIN STARFSLEYFI OG SAMÞYKKTAR SKRÁNINGAR

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi, samþykkja skráningar og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfis- og skráningarskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í þrjú meginsvið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið. Á árinu 2025 voru útgefin 117 starfsleyfi, tímabundin starfsleyfi og skráningar.




EFTIRLIT ÁRSINS

Eftirlitsáætlun starfsleyfis- og skráningarskyldrar starfsemi er útbúin í upphafi árs og tekur tíðni eftirlits mið af áhættumati starfsgreina. Á árinu 2025 voru alls 878 starfsstöðvar á eftirlitsáætlun og tókst að ljúka eftirliti á 690 starfsstöðvum, eða 79%. Auk reglubundinna eftirlitsferða eru fyrirtæki heimsótt vegna tilfallandi eftirlits, kvartana, úttekta eða eftirfylgni vegna frávika sem skráð eru við eftirlit. Hvert fyrirtæki getur talist vera fleiri en ein starfsstöð. Á það t.d. við um gististaði á sviði hollustuhátta sem er tengdur einkavatnsveitu skv. matvælalögum. Áhættumat getur þá með sama hætti verið mismunandi milli ólíkra þátta starfseminnar og tíðni eftirlits mismunandi.


SÝNATAKA

Hluti af störfum heilbrigðisfulltrúa er sýnataka af neysluvatni, baðvatni, matvælum og fráveitu. Flest sýni sem tekin eru af neysluvatni og verður þeim nánar gert skil síðar í skýrslunni. Tilgangur með sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Alls voru tekin 313 sýni árið 2025.



TÓBAKSSÖLULEYFI

Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í fjögur ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundnu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Í árslok 2025 voru 29 tóbakssöluleyfi í gildi en alls höfðu 9 leyfi verið gefin út á árinu.



KVARTANIR OG ÁBENDINGAR

Á árinu bárust 43 kvartanir og ábendingar til heilbrigðiseftirlitsins. Þær vörðuðu meðal annars umgengni og úrgang, hávaða, lykt og mengun í fráveitu eða yfirborðsvatni, auk hreinlætis og meðhöndlunar matvæla. Einnig bárust ábendingar vegna dýrahalds, húsnæðis og þrifa á sund- og gististöðum. Erindin voru metin og þeim fylgt eftir því sem tilefni var til, meðal annars með vettvangsskoðunum, samskiptum við ábyrgðaraðila og kröfum um úrbætur.

	2021	2022	2023	2024	2025
Matvæli	4	4	4	4	11
Mengun/umhverfismál	11	11	16	11	12
Hollustuhættir	5	10	9	6	7
Aðrar kvartanir	5	17	11	12	13
Alls	**25**	**42**	**40**	**33**	**43**

MATVÆLAEFTIRLIT

Matvælafyrirtæki voru 413 á starfssvæði HAUST árið 2025. Matvælafyrirtæki starfa skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Markmið og tilgangur matvælalagan na er að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Litlar breytingar eru á fjölda matvælafyrirtækja milli ára. Flest matvælafyrirtæki á starfssvæðinu eru sem fyrr stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir og mötuneyti. Vatnsveitur á svæðinu voru 149 í árslok 2025.

SÝNATAKA MATVÆLA


Heilbrigðiseftirlit tekur fjöldann allan af matvælasýnum til rannsókna ár hvert til að meta hvort að matvæli uppfylli kröfur er fram koma í reglugerðum. Sýnin eru send á viðurkennda rannsóknarstofu til greiningar. Líkt og áður eru neysluvatnssýni stærstur hluti þeirra sýna sem HAUST tekur ár hvert enda fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi á svæðinu mikill. Auk neysluvatnssýna eru tekin sýni af ís úr vél, ásamt sýnum frá minni matvælaframleiðenda á svæðinu sem framleiða meðal annars ost og ís. HAUST hefur tekið árlega sýni til skimunar á varnarefnum úr grænmeti sem ræktað er á svæðinu. Sýni eru tekin í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 369/2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu. Árlega eru tekin tvö sýni af útiræktuðu grænmeti í samræmi við sýnatökuáætlun Matvælastofnunar. Aldrei hafa greinst varnarefnaleifar í sýnatökum á starfssvæði HAUST.


SÝNATAKA MATVÆLA - NEYSLUVATN

Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og fyrirtæki eða sveitarfélög sem reka vatnsveitur eru því skilgreind sem matvælafyrirtæki. Tilgangur eftirlits Heilbrigðiseftirlits með vatnsveitum er að tyggja að allt neysluvatn uppfylli ákvæði laga og reglugerða um gæði og öryggi.

Eftirlit með vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum felst meðal annars í sýnatöku á neysluvatni og yfirferð á innra eftirliti vatnsveitanna. Þá er gerð árlega heildarúttekt á efna- og eðlisfræðilegum þáttum neysluvatnsins hjá vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum eða þar sem vatnsnotkun fer yfir 100 m^3 á dag miðað við ársmeðaltal. Þó nokkur vatnsból sótthreinsa neysluvatnið, áður en því er veitt til notenda, með útfjólublá ljósi. Slík hreinsun er nauðsynleg þar sem vatnsveitur taka neysluvatn úr yfirborðsvatni. Í öðrum tilfellum er notast við geislun á neysluvatni sem varúðaráðstöfun þar sem hætta er á að yfirborðsvatn geti borist í vatnsból við ákveðnar aðstæður. Í báðum tilfellum er virkt innra eftirlit lykilatriði til að tryggja örugg vatnsgæði. Sé það ekki til staðar er hætt við því að geislunarbúnaðurinn veiti falskt öryggi.


Nýjustu niðurstöður úr heildarúttektum vatnsveitna og reglubundnu eftirliti stærri vatnsveitna eru aðgengilegar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is


NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU
LITLAR VATNSVEITUR
2025
2024
2023
2022
2021
92%
8%
85%
15%
71%
29%
84%
16%
84%
16%
0%
20%
40%
60%
80%
100%
Stóðst kröfur
Stóðst ekki kröfur


NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU
VATNSVEITUR FLEIRI EN 150
ÍBÚAR
2025
2024
2023
2022
2021
93%
7%
93%
7%
90%
10%
93%
7%
85%
15%
0%
20%
40%
60%
80%
100%
Stóðst kröfur
Stóðst ekki kröfur

Sýnataka á ís úr vél er mikilvægur þáttur í eftirliti með hreinlæti og heilnæmi íssins, enda er ís úr vél viðkvæm matvara. Virkt innra eftirlit, rétt meðhöndlun ísblöndu og vönduð þrif á búnaði eru lykilatriði til að tryggja gæði vörunnar. Sölustaðir sem selja ís úr vél sæta árlegu eftirliti og sýnatöku.

Niðurstöður fyrir sýnatöku á ís úr vél má sjá á myndinni hér fyrir neðan. Niðurstöður úr reglubundinni sýnatöku ársins voru þó nokkur vonbrigði en aðeins 57% reglubundinna sýna reyndust standast gæðakröfur.



HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT

Fyrirtæki á sviði hollustuhátta eru allt frá sundlaugum, leiksvæðum, gististöðum og skólahúsnæði svo fátt eitt sé nefnt. Á starfssvæði HAUST voru 656 starfsstöðvar á sviði hollustuhátta árið 2025.

LEIKSVÆÐI OG LEIKVALLATÆKI

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða. Leikvallatæki og leiksvæði í heild skulu uppfylla þær kröfur og viðmiðanir sem þar koma fram, meðal annars staðla ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177. Jafnframt skal vera þrefalt innra eftirlit með leiksvæðum sem felst í reglubundinni yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og árlegri aðalskoðun.


Á starfssvæði HAUST eru um 70 opin leiksvæði. Markmið eftirlitsins er að stuðla að því að börn hafi aðgang að leiksvæðum sem eru bæði örugg og hæfilega krefjandi og veita þeim tækifæri til leiks, hreyfingar og þroska. Virkt innra eftirlit og reglubundið fyrirbyggjandi viðhald eru lykilatriði í því að varðveita öryggi leiksvæðanna, greina slit og skemmdir tímanlega og koma í veg fyrir slys. Mikilvægt er að ábyrgðaraðilar sinni þessum þáttum markvisst og bregðist án tafar við þegar þörf er á úrbótum.

SUND- OG BAÐSTAÐIR

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og skilyrðum starfsleyfa. Eftirlitið tekur meðal annars til aðbúnaðar, öryggismála, heilnæmis baðvatns og öryggis gesta. Baðvatnssýni eru tekin í reglubundnu eftirliti með sund- og baðstöðum, þar á meðal úr náttúrulaugum og köldum körum.

Árið 2025 stóðust 80% sýna sem tekin voru í reglubundnu eftirliti gæðakröfur. Flest þeirra sýna sem ekki stóðust kröfur voru tekin úr köldum körum. Eitt sýni var úr heitum potti á sundstað og þrjú úr heitum pottum við gististaði. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi virks innra eftirlits, reglulegra þrifa og viðeigandi meðhöndlunar baðvatns.

Á starfssvæði HAUST eru tveir baðstaðir sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Annar þeirra er í 1. flokki vegna reglubundinnar aðsóknar allt árið en hinn í 2. flokki þar sem aðsókn er breytileg eftir árstíðum. Öll sýni sem tekin voru úr náttúrulaugum árið 2025 stóðust gæðaviðmið reglugerðarinnar.



SÓTTVARNARUNDANÞÁGA SKIPA

Í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina (AHR) þurfa skip í millilandasiglingum sem eru stærri en 200 brúttótonn að hafa gilt sóttvarnavottorð sem er ekki eldra en sex mánaða. Heilbrigðisnefnd annast heilbrigðisskoðun skipa og útgáfu sóttvarnarundanþágu- og sóttvarnarvottorða. Tilgangur skoðananna er að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma milli landa og vernda lýðheilsu.

Árið 2025 gaf HAUST út átta sóttvarnarundanþáguvottorð og framlengdi auk þess gildistíma eins vottorðs. Til samanburðar voru gefin út fimm vottorð árið 2024, fjögur árið 2023 og þrjú árið 2022. Vottorð voru gefin út í Hornafjarðarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn, Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og Eskifjarðarhöfn. Útgefnum vottorðum hefur því fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár.

MENGUNARVARNAREFTIRLIT

Til fyrirtækja á sviði mengunarvarna falla meðal annars fyrirtæki eins og bifreiðaverkstæði, virkjanir, spennistöðvar, þvottahús og móttökustöðvar fyrir úrgangs, svo fátt eitt sé nefnt. Á sviði mengunarvarna voru 343 fyrirtæki á skrá hjá heilbrigðiseftirliti Austurlands árið 2025.

NÚMERSLAUSIR BÍLAR

Heilbrigðiseftirlitið sinnir eftirliti með númerlausum ökutækjum og tækjum sem staðsett eru á lóðum og svæðum innan starfssvæðisins. Um er að ræða ökutæki og tæki sem hafa ekki gilt skráningarnúmer eða eru ekki í notkun og geta, eftir atvikum, skapað hættu á mengun, valdið óþrifnaði eða haft neikvæð áhrif á ásýnd umhverfis.

Árlega eru límdar um 30-50 tilkynningar á ökutæki og aðra lausamuni þar sem eigendum eða umráðamönnum var gefinn kostur á að bregðast við áður en frekari aðgerðir koma til greina. Með þessu er leitast við að tryggja að eigendur fjarlægi ónýt eða óskráð ökutæki og tæki af lóðum eða komi þeim í viðeigandi farveg.

Eftirlit með númerlausum ökutækjum stuðlar að því að draga úr uppsöfnun úrgangs, mögulegri mengunarhættu og óviðunandi umgengni um fasteignir og lóðir.

MENGAÐUR JARÐVEGUR

Á árinu komu til meðferðar nokkur mál sem vörðuðu mengaðan jarðveg, bæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda og eldri mengunar sem kom í ljós við skipulagsvinnu eða uppgröft. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi frummat fyrir menguð svæði, veitti umsagnir um rannsóknir og áhættumat, fór yfir áætlanir um meðhöndlun mengaðs jarðvegs og veitti leiðbeiningar um framkvæmd hreinsunar og förgun jarðvegs í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í tengslum við framkvæmdir var lögð áhersla á að mengaður jarðvegur yrði afmarkaður, metinn og fjarlægður eftir því sem við átti og að óvænt mengun sem kynni að koma í ljós við uppgröft yrði rannsökuð og meðhöndluð með sama hætti. Jafnframt var fylgst með því að framkvæmdaraðilar gerðu viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á frekari dreifingu mengunarefna.

Verkefni ársins endurspegla aukna áherslu á að taka tillit til jarðvegsmengunar á fyrstu stigum skipulags og framkvæmda. Með því má draga úr áhættu fyrir heilsu fólks og umhverfi og stuðla að öruggri uppbyggingu og endurnýtingu landsvæða.

LOKAORÐ

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands á árinu 2025 var að mörgu leyti hefðbundin. Starfsfólk sinnti fjölbreyttum verkefnum á sviði matvælaeftirlits, hollustuhátta og mengunarvarna, tók sýni, gaf út starfsleyfi, vann umsagnir og brást við kvörtunum og ábendingum. Niðurstöður ársins sýna, líkt og fyrri ár, mikilvægi þess að til staðar sé öflugt og faglegt eftirlit sem hefur það að markmiði að vernda heilsu almennings, tryggja öryggi matvæla og stuðla að heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Alþingi samþykkti 19. júní 2026 lög sem fela í sér grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi eftirlitsins og taka breytingarnar gildi 1. janúar 2027. Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands í núverandi mynd lýkur því í árslok 2026.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur í aðdraganda breytinganna komið skýrt á framfæri efasemdum um að sú leið sem varð fyrir valinu sé til þess fallin að bæta eftirlit eða þjónustu. Sérstaklega hefur verið bent á mikilvægi þeirrar sérþekkingar, reynslu og staðþekkingar sem byggst hefur upp innan heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga og þess mikla styrks sem felst í nálægð eftirlitsins við íbúa, fyrirtæki og sveitarfélög. Sú afstaða breytist ekki þótt löggjafinn hafi nú tekið ákvörðun um annað fyrirkomulag.

Skipulagi stofnana má breyta með lögum en verkefnin hverfa ekki. Vatnið þarf áfram að vera heilnæmt, matvælin örugg, sund- og baðstaðir öruggir fyrir gesti og bregðast þarf áfram við mengun, hávaða, ófullnægjandi húsnæði og öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á heilsu fólks og umhverfi. Fyrirtæki og sveitarfélög þurfa áfram að geta leitað leiðbeininga og almenningur þarf áfram að eiga greiðan aðgang að stjórnvöldum þegar upp koma mál sem varða nærumhverfi og heilsu. Árangur breytinganna mun því ekki ráðast af nafni eða skipulagi stofnunar heldur því hvort þessi verkefni verða áfram leyst af fagmennsku, með nægum mannafla og í nægilegri nálægð við þau samfélög sem eftirlitinu er ætlað að þjóna.

Þegar horft er til baka má með stolti líta til þess starfs sem unnið hefur verið hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Þar hefur í gegnum árin byggst upp mikil þekking á starfssvæðinu, atvinnulífi þess og þeim fjölbreyttu viðfangsefnum sem fylgja því að sinna heilbrigðiseftirliti á víðfeðmu landsvæði. Sú þekking og reynsla er verðmæt og mikilvægt að hún glatist ekki við þær breytingar sem fram undan eru.

Undanfarin ár hafa að mörgu leyti verið krefjandi fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Langvarandi umræða og óvissa um framtíðarfyrirkomulag eftirlitsins hefur óhjákvæmilega haft áhrif á starfsumhverfið. Þrátt fyrir það hefur starfsfólk HAUST haldið sínu striki og sinnt verkefnum af fagmennsku, metnaði og ábyrgð. Fyrir það ber að þakka.

Þótt fyrirkomulag eftirlitsins breytist um næstu áramót stendur grunnmarkmiðið óhaggað: að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Verkefnin eru ekki að hverfa – ábyrgðin á að sinna þeim færist einfaldlega annað.

Að lokum eru starfsfólki HAUST, fyrrverandi starfsmönnum, heilbrigðisnefnd, aðildarsveitarfélögum og öllum þeim fjölmörgu samstarfsaðilum sem lagt hafa starfseminni lið í gegnum árin færðar innilegar þakkir fyrir samstarfið,

Október 2026

Lára Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri HAUST